

laun skipaðs verjanda síns, hrl. Gústavs Sveinssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. júní 1944.

Nr. 42/1944. **Réttvísinn og valdstjórnin**
(cand. jur. Ragnar Ólafsson)
gegn

Adolph Bergssyni, (Theódór B. Lindal)

Friðjóni Bjarnasyni (Egill Sigurgeirsson)

og

Guðmundi Ragnari Guðmundssyni

(Sigurður Ólason).

Fölsun skömmtunarseðla og þjófnaður, og notkun falsaðra skömmtunarseðla.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómi hefur verið áfrýjað að því er varðar ákærðu Adolph Bergsson, Friðjón Bjarnason og Guðmund Ragnar Guðmundsson.

Það þykir viðurhlutamikið að telja sannað, að ákærði Adolph Bergsson hafi verið hlutdeildarmaður að stuldi ákærða Guðmundar R. Guðmundssonar á skömmtunarseðlum. Ber því að sýkna ákærða Adolph af þessu ákæruatriði. Að öðru leyti eru brot ákærða, sem rétt er lýst í héraðsdómi, réttilega heimfærð þar til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða Adolphs Bergssonar hæfilega ákveðin 14 mánaða fangelsi. Með þessum breytingum þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum er áfrýjað.

Ákærði Adolph Bergsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 1200.00. Ákærði Friðjón Bjarnason greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti kr. 1000.00. Ákærði Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málflutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti kr. 1000.00. Allur annar áfrýj-

unarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda fyrir hæstarétti, kr. 1400.00, greiðist af hinum ákærðu in solidum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Adolph Bergsson sæti fangelsi 14 mánuði. Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Ákærði Adolph Bergsson greiði málflytningislaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Theódórs B. Líndals hæstaréttarlögmanns, kr. 1200.00.

Ákærði Friðjón Bjarnason greiði málflytningislaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Ákærði Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málflytningislaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, Sigurðar Ólasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 1000.00.

Allur annar áfrýjunarkostnaður sakarinnar, þar með talin málflytningislaun skipaðs sækjanda í hæstarétti, Ragnars Ólafssonar cand. juris, kr. 1400.00, greiðist af hinum ákærðu in solidum.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 11. marz 1944.

Ár 1944, laugardaginn 11. marz, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Jónatan Hallvarðssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 3266—3270/1943: Réttvísinn og valdstjórnin gegn Adolph Rosenkranz Bergssyni og réttvísinn gegn Friðjóni Bjarnasyni, Guðmundi Ragnari Guðmundssyni, Lárusi Hanssyni og Þorvaldi Jónssyni.

Málið er höfðað samkvæmt fyrirlagi dómsmálaráðuneytisins gegn Adolph fyrir brot gegn 14., 17. og 26. kafla almennra hegningarlaga og lögum nr. 37 1939, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ýmislegra ráðstafana vegna yfirvofandi styrjalda í Norðurálfu, sbr. reglugerð nr. 164 1939, um sölu og úthlutun á matvörutegundum, Friðjóni fyrir brot gegn 17. kap. hegningarlaganna, Guðmundi fyrir brot gegn 14., 17. og 26. kap. hegningarlaganna, Lárusi fyrir

brot gegn 14. og 17. kap. hegningarlaganna og Þorvaldi fyrir brot gegn 17. kap. hegningarlaganna.

Rannsókn málsins hófst hinn 2. apríl 1943 og var lokið 1. febr. s. l. Það var dómtekið 3. marz s. l.

Ákærðir eru þessir:

Adolph Rósenkranz Bergsson fulltrúi, til heimilis Túngötu 35 hér í bæ. Hann er fæddur að Flateyri 1. okt. 1900.

Hegningarvottorð hans er svolátandi:

1928 1% Sátt 10 kr. sekt fyrir lögreglubrot.

1930 1% Dómur lögregluréttar, 125 kr. sekt og sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á áfengislögunum og bifreiðalögunum.

1931 2% Áminning fyrir brot á reglugerð um bifreiðastæði.

1941 $1\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1941 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun innanhúss. Fellt niður.

1944 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Friðjón Bjarnason prentari, til heimilis Holtsgötu 33 hér í bæ. Hann er fæddur 8. marz 1912 í Reykjavík. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1940 $2\frac{1}{10}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1941 1% Áminning fyrir ölvun innanhúss.

1942 $1\frac{1}{2}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson slökkviliðsmaður, til heimilis Njálsgötu 40 hér í bæ. Hann er fæddur í Reykjavík 13. nóv. 1919. Hann hefur sætt eftirtöldum refsingum:

1940 $1\frac{1}{11}$ Dómur aukaréttar, 12 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnaðarhilmingu.

1940 2% Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1940 $3\frac{1}{4}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1942 1% Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og mótþróa við lögregluna og brot á 14. gr. áfengislaganna.

Lárus Hansson innheimtumaður, til heimilis Framnesvegi 16 hér í bæ. Hann er fæddur 16. desember 1891 að Steindórsstöðum í Reykholtssdal. Hann var hinn 22. júlí 1936 sektaður um kr. 10 fyrir brot gegn lögum nr. 59 1913. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt refsingum.

Þorvaldur Jónsson prentmyndasmiður, til heimilis Pósthússtræti 13 hér í bæ. Hann er fæddur 25. desember 1916 í Reykjavík. Hegningarvottorð hans er svo hljóðandi:

1932 $2\frac{3}{4}$ Áminning fyrir að taka að ófrjálssu bilhjól til notkunar.

1932 $\frac{3}{8}$ Áminning fyrir reiðhjólshnuþl.

1933 $2\frac{1}{12}$ Dómur aukaréttar, 30 daga fangelsi við venjulegt fanga-
viðurværi, skilorðsbundið, fyrir þjófnað.

1936 $\frac{1}{8}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir að stýra bifhjóli réttindalaus.

1941 $\frac{1}{2}$ Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.

- 1941 $\frac{7}{16}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1942 $\frac{21}{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 1943 $\frac{10}{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

2.

Hinn 1. apríl s. l. kærði skömmtunarskrifstofa ríkisins yfir því, að fram hefðu komið við talningu þá daginn áður sykurseðlar, er virtust vera falsaðir. Seðlar þessir urðu raktir til Jóns Kjartanssonar, framkvæmdastjóra sælgætisgerðarinnar Vikings og h/f Svans, en hann skýrði aftur svo frá, að hann hefði fengið þá hjá Adolph Bergssyni. Við húsrannsókn á skrifstofu ákærðs Adolphs þá strax um kvöldið hinn 2. apríl fannst mikið af sykurseðlum, er síðar reyndust að vera falsaðir. Gaf Adolph þá skýringu á því, að þeir voru þarna, að Jón Kjartansson hefði komið til sín á skrifstofuna og lagt þá þar af sér í umslögum og þeir orðið eftir. Kvaðst hann ekki hafa vitað, hvað í umslögnum var.

Nú verða atvik þessa máls rakin eftir þeim gögnum, er fram hafa komið í málinu.

Frá viðskiptum þeirra Adolphs og Jóns Kjartanssonar hefur Jón skýrt greinilegar, og er frásögn Adolphs öll fengin eftir að skýrslur Jóns voru gerðar honum kunnar, enda synjaði Adolph með öllu fyrir viðskiptin í fyrstu. Jón hefur skýrt svo frá, að hann hafi kvartað við ákærðan Adolph um sykurskort fyrirtækja sinna. Telur hann talið hafa hafizt með almennum orðum um sykurlaysið, en síðan kveðst hann hafa slegið upp á því, að Adolph hjálpaði sér, og gert það af fíkti. Upp úr þessu hófust viðskiptin og fyrst með því, að Adolph útvegaði honum sykur, án þess að taka af honum skömmtunarheimild, en síðan fór hann að láta hann hafa sykurseðla, er Jón svo notaði til fyrirtækis síns sælgætisgerðarinnar Vikings. Sykurinn greiddi Jón yfir gangverði, en um seðlana varð fljótlega það samkomulag, að Jón greiddi framleiðslugjald, eða kr. 2.10 fyrir kílóíð. Kveðst Jón hafa stungið upp á því, til þess að setja takmörk fjárkröfum Adolphs, og má telja mest af seðlunum greitt með því verði.

Um magn viðskiptanna og tímabil það, er þau stóðu yfir, verður að leggja til grundvallar upplýsingar, sem fengizt hafa af athugun minnisblaða nokkurra, er Jón hafði skrifað og vísað á, er hann sat í gæzluvarðhaldi, en hann var úrskurðaður í varðhald þegar er rannsóknin hófst. Samkvæmt þeim telur Jón fyrstu greiðslu sína til Adolphs 7. jan. (1942), og er hún að upphæð kr. 450.00. Greiðslurnar fóru ýmist fram í peningum eða með samþykktum víxlum. Samkvæmt minnismiðunum og víxlum, er fundizt hafa við rannsókn á bankaviðskiptum Adolphs og Jóns og fyrirtækja þeirra, er hann stendur fyrir, nema greiðslur Jóns til Adolphs samtals kr. 37495.64, og er síðasta greiðslan víxill, útgef-

inn 15. febr. 1943. Ekki hefur orðið auðið að upplýsa með rituðum gögnum, hversu mikið af greiðslum þessum var fyrir sykur og hversu mikið fyrir sykurseðla. En samkvæmt skýringum þeim, er Jón hefur gefið, má ætla, að andvirði sykursins hafi numið um kr. 5030, en hitt hafi verið fyrir seðla. Jón tók það þó fram, að hann gæti ekki frá þessu greint með vissu. Magn það, er sykurseðlarnir hljóðuðu upp á, er rúm 16000 kiló, einnig samkvæmt skýrslu Jóns og áætlun.

3.

Þeir Jón og Adolph eru sammála um það, að þessi viðskipti sín hafi hafizt með því, að Jón keypti sykur af Adolph. Kvaðst Adolph hafa fengið þann sykur hjá Þorsteini J. Jónssyni kaupmanni.

Þorsteinn J. Jónsson hefur skýrt frá því, að Adolph hafi eitt sinn keypt hjár sér 2 poka af strásykri og afhent sér seðla fyrir þeim, þá um leið og nokkru eftir. Nokkru síðar keypti hann 28—30 poka af strásykri og lofaði að standa skil á leyfi fyrir sykrinum eða sykurmíðum síðar. Það segir Þorsteinn, að Adolph hafi ekki efnt, ávallt dregið sig á leyfinu og ekki skilað því. Þorsteinn heldur því fram, að þessi sykurkaup hafi farið fram um miðjan apríl 1942; dregur hann þá ályktun af kassabók sinni, er sýnir hinn 15. apríl stórum meiri sölu en venjulega.

Adolph segir, að þessi kaup sín hafi numið 10 pokum eða meiru. Hann kveðst ekki hafa minnzt á leyfi, er hann tók út sykurinn; um það hafi ekkert verið rætt, og hann kveðst ekkert hafa hugsað út í það. Er Þorsteinn síðar krafði hann um seðla, sagðist hann ekki geta látið þá.

Þennan sykur seldi Adolph Jóni, og er ekki vitað um annan sykur, er Jón hafi fengið frá honum.

4.

Þeir Guðmundur Ragnar Guðmundsson og Lárus Hansson voru á þessum tíma í þjónustu Reykjavíkurbæjar við innheimtu bæjargjalda og samstarfsmenn Adolphs, er fór með lögtak vegna þeirra sem löggiltur fulltrúi lögmanns, en launaður af bænum. Til þeirra Guðmundar og Lárúsar var gripið, þegar aðalúthlutun skömmtunarseðla fór fram, og þeir þá látnir aðstoða við þær.

Er Jón hafði fært það í tal við Adolph að útvega sér sykurseðla, kveðst Adolph hafa minnzt á það við þá samstarfsmenn sína Guðmund og Lárus. Kveðst hann hafa sagt þeim, að maður hefði beðið sig að útvega sykurseðla og vildi greiða 1 krónu fyrir kilóið. Kveðst hann halda, að hann hafi talað við þá hvorn í sínu lagi.

Guðmundur lýsir viðskiptum þeirra Adolphs á þessa leið:

Hann kveðst fyrst hafa starfað við úthlutun skömmtunarseðla

í lok desembermánaðar 1941. Er hann hafði starfað einn dag við úthlutunina, að því er hann heldur, falaði Adolph af honum skömmunarseðla og nefndi ekki sérstaka tegund þeirra. Kvaðst Adolph mundu koma sjálfur og sækja sína seðla og einnig senda tvo drengi eftir seðlunum. Bað hann Guðmund að afhenda þeim öllum nokkra seðla umfram stofna þá, er þeir skiluðu. Guðmundur segist hafa heitið að athuga þetta, en engu um það lofað, en gerði þó eins og um hafði verið beðið, er þeir komu til að sækja seðlana. Hann telur sig hafa afhent með þessum hætti fáeina seðla umfram, gizkar á 20 stykki.

Ekki greiddi Adolph honum fyrir þetta, en bað hann að gera hið sama við næstu úthlutun.

Næsta úthlutun sem Guðmundur starfaði við fór fram í marz árið eftir. Talaði Adolph þá aftur við hann og það nokkrum sinnum um að útvega sér skömmunarseðla, og lagði að honum. Bauð hann honum nú borgun fyrir. Kveðst hann í þetta skiptið hafa farið eins að og áður og afhent nokkra seðla umfram stofnana, er hann tók við. Nokkrum dögum síðar greiddi Adolph honum 100 krónur fyrir.

Í júnímánuði virðast hafa farið fram tvær úthlutanir skömmunarseðla, um miðjan mánuðinn á sykurseðlum til sultugerðar og í mánaðarlokin aðalúthlutun. Guðmundur kveðst muna eftir aðalúthlutuninni og jafnframt, að Adolph bað hann sérstaklega um að útvega sér sykurseðla til sultugerðar. Í þetta skipti tók Guðmundur bunka af seðlum með sér og afhenti Adolph síðar á skrifstofunni. Greiddi Adolph honum kr. 1292.00 fyrir og, að því er hann heldur, kr. 5.50 fyrir kílóið.

Frásögn Adolphs af þessum viðskiptum er óljósari. Hann heldur, að þau hafi ekki byrjað jafnsnemma og Guðmundur telur, eða ekki fyrr en eftir að hann hafði selt Jóni sykurinn. Þó kveðst hann ekki geta fullyrt, að frásögn Guðmundar um þetta sé röng. Hann kveðst ekki geta munað eftir að hafa fengið umframseðla, er hann sótti sína eigin, og heldur ekki drengur, er hann sendi eftir nokkru af seðlunum. Aftur á móti telur hann Guðmund hafa afhent sér seðla við tvennar úthlutanir, er fram fóru í júnímánuði, og hafa greitt honum kr. 1000 í fyrra skiptið og kr. 1292 í síðara skiptið. Styðst það við athugun á tékkreikningi hans við Útvegsbankann. Hann telur sig hafa greitt Guðmundi kr. 0.50 fyrir hvert kíló í öllum viðskiptunum.

Hinn 8. júlí 1942 réðst Guðmundur í slökkvistöð Reykjavíkur og hætti þá um leið að starfa að úthlutun skömmunarseðla. Guðmundur segir, að Adolph hafi þó haldið áfram að biðja sig að útvega seðlana. Hafði hann látið Guðmund lýsa fyrir sér geymslustað seðlanna í Góðtemplarahúsinu, þar sem aðalúthlutanir fóru fram, og vissi, að þeir voru um nætur geymdir í óvandlega læst-

um skáp þar, og enn fremur að móðir Guðmundar starfaði að hreingerningu hússins.

Að sögn Guðmundar stakk nú Adolph upp á því, að hann færi í skápinn meðan hreingerningarkonur störfuðu að ræstingu og tæki þaðan seðla. Lagði Adolph til, að Guðmundur skrúfaði hespu frá hurð skápsins. Segir Guðmundur hann hafa talið ekki vera um innbrot að ræða, ef hespan væri skrúfuð frá með skrúfjarni.

Guðmundur segir Adolph hafa talað um þetta nokkrum sinnum við sig, og kveðst jafnan hafa færzt undan, og Adolph þá orðið því stífari. Loks var það kvöld eitt, að Adolph kom heim til hans og fékk talið hann á framkvæmdir.

Morguninn eftir, sem var hinn 29. september, fór Guðmundur síðan niður í Góðtemplarahús, sem var opið, og í skápinn með því að skrúfa hespuna frá með skrúfjarni. Í skápnum greip hann slatta af skömmtunarseðlum úr samanbundnum seðlabúnga og enn fremur nokkuð af sultusykurseðlum úr skúffu. Hann skrúfaði síðan hespuna fyrir aftur og fór í síma þar í húsinu og símaði til Adolphs. Klukkan var um 7 um morguninn og enginn hafði orðið hans var þar í húsinu.

Guðmundur kveðst síðan hafa farið rakleitt heim til Adolphs með seðlana. Adolph bauð honum til stofu og taldi þar seðlana og sagði að þeir væru 600. Nokkru síðar sagði Adolph honum, að sultu-sykurseðlarnir væru úr gildi gengnir og greiddi honum því ekkert fyrir þá. En hina seðlana greiddi hann honum með tékk að upphæð kr. 2220.00.

Móðir Guðmundar hefur verið leidd sem vitni í málinu. Hún hefur borið, að Adolph hafi komið heim til þeirra Guðmundar umrætt kvöld og gengið í gegnum eldhúsið, þar sem hún var stödd, og inn í herbergi Guðmundar og dvaldist hjá honum nokkra stund. Morguninn eftir, áður en hún fór til ræstinganna í Góðtemplarahúsinu, leit hún inn til Guðmundar, er þá var enn þá í rúmi sínu. Kveðst hún þá hafa séð merki þess, að Guðmundur hafði verið í ölvunarástandi kvöldið áður, og taldi hún því, að þeir Adolph hefðu drukkið saman. Hún var yfirheyrð af lögreglunni þegar eftir innbrotið og var því þetta minnisstætt og taldi sig því geta ákveðið daginn með vissu.

Adolph hefur viðurkennt að hafa greitt Guðmundi kr. 2220.00 fyrir seðla þá, er hann fékk hjá honum í september. En hann hefur neitað að hafa minnst á það við Guðmund að útvega sér seðla eftir að harn réðst til slökkviliðsins. Hann hefur neitað að hafa hvatt hann til að opna skápinn og taka seðlana úr honum, að hafa spurt hann, hvar seðlarnir væru geymdir eða hafa vitað það, heldur ekki kveðst hann muna til þess að hafa heimsótt hann kvöldið áður en innbrotið var framið. Hann hefur haldið því fram, að Guðmundur hafi komið með seðlana til sín óumbeðið.

5.

Lárus Hansson hefur skýrt frá viðskiptum sínum við Adolph á þessa leið.

Adolph fór fram á það við hann, að hann útvegaði sér skömmtunarseðla, er hann starfaði við úthlutun þeirra. Nefndi Adolph það oftast en einu sinni meðan á úthlutuninni stóð. Lárus sagðist ekkert vilja við þetta eiga og kveðst ekki hafa lofað því.

Er aðalúthlutuninni var lokið, starfaði Lárus við það að flytja úthlutunargögnin úr Góðtemplarahúsinu, þar sem úthlutunin fór fram og yfir í skrifstofuna. Að verkinu loknu varð hann þess var, að hann hafði gleymt skóhlífum sínum í Góðtemplarahúsinu og hvarf því þangað aftur. Þá kveðst hann hafa rekizt þar á nokkra skömmtunarseðla í pappambúðum, er lágu þar í umbúðadrasli og höfðu orðið eftir við flutninginn. Hann tók seðlana og afhenti þá Adolph daginn eftir heima hjá honum. Hann telur seðlana hafa verið 17. Hann gat ekki greint frá því, nær þetta hafði gerzt, og er það heldur ekki upplýst með vissu af öðrum gögnum.

Adolph hefur staðfest það, að hann hafi að fyrra bragði minnt á það við Lárus að útvega sér seðla og hefur einnig talið, að magn þeirra seðla, er Lárus fékk honum, hafi verið svo lítið, að ekki hafi skipt máli. Hann kvaðst í fyrstu hafa greitt Lárusi fyrir þetta kr. 0.50 á sykurlíló. Lárus hefur eindregið neitað því að hafa tekið fé fyrir seðlana, en jafnframt skýrt frá því, að hann hafi um svipað leyti tekið kr. 40—50 af Adolph, án þess að Adolph skýrði nánar frá, fyrir hvað það væri, en þar sem hann taldi sig eiga nokkuð hjá Adolph, hugði hann greiðsluna vera fyrir það. Hefur Adolph í síðari réttarhaldi talið svo vera.

6.

Friðjón Bjarnason hefur talið sig hafa kynnt Adolph við það, að Adolph innheimti hjá honum bæjargjöld. Eftir það heilsuðust þeir á götu, en höfðu ekki nánari kunningsskap.

Hann telur það hafa verið um miðjan febrúar 1943, að Adolph hringdi til hans, er hann var að vinnu sinni, og bað hann að finna sig. Er það drógst, hringdi hann aftur. Þegar þeir fundust, falaðist Adolph umsvifalaust eftir því, að hann prentaði fyrir sig sykurseðla, og bauð honum borgun fyrir. Því kveðst Friðjón hafa færzt undan og talið óleyfilegt og hættulegt og mundi leiða til sykurburrðar í landinu. Adolph eyddi þessum mótbárum og taldi um fyrir honum, þar til hann lofaði að athuga þetta.

Það dróst þó fyrir Friðjóni að koma þessu í verk og segir hann, að Adolph hafi þá stöðugt verið að hringja til sín og tala við sig um þetta og lagt mjög að sér að framkvæma það og einu sinni sent til sín. Í þessum viðtölum gat Friðjón þess, að erfitt væri að setja seðlana, þar sem letrið, sem á þeim var, væri einungis til í

Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg, og taldi betra að nota myndamót og taldi Adolph það vera ágætt.

Friðjón náði síðan í myndamót af sykurseðlum með þeim hætti, er síðar verður sagt frá, og hóf prentun seðlanna. Hann segir, að Adolph hafi beðið um 400—500 eintök af sykurreitum skömmtunarseðils, en þeir eru samtals 12. Hann prentaði um 500 eintök, en á myndamótinu voru einungis 10 reitir. Hann prentaði þetta í prentsmiðju þeirri, er hann starfar í, eftir venjulegan vinnutíma. Í seðlana notaði hann pappirsafganga af tvennskonar gerð og án þess að velja, enda hafði ekki neinn skömmtunarseðil fyrir sér.

Hann kveðst hafa geymt seðlana hjá sér yfir nóttina, en fór með þá morguninn eftir niður á skrifstofu til Adolphs og hitti hann þar einan. Adolph skoðaði seðlana þar og bar saman við skömmtunarseðil, er hann var með. Var hann ekki vel ánægður með þá og setti einkum út á pappirinn. Hann sagðist myndi hringja Friðjón upp síðar og ræða við hann um borgunina.

Nokkrum dögum síðar boðaði Adolph hann á fund sinn og tjáði honum, að þetta hefði allt orðið ónýtt, vegna þess hvernig pappirinn var. Kveðst Friðjón þá hafa beðið hann að brenna upp-laginu og lofaði hann því. Friðjón lofaði aftur að prenta nýtt upplag.

Það framkvæmdi hann síðan og notaði til þess aðra pappirs-tegund. Upplagið var eins og áður um 500 eintök. Þetta upplag afhenti hann Adolph heima hjá honum.

Síðar var það, að Adolph bað Friðjón að finna sig niður á skrifstofu. Þar rétti hann honum kr. 1000 án þess að ræða frekar um, en gat þess þó jafnframt, að seðlarnir væru ágætir.

Adolph hefur viðurkennt að hafa falað seðla af Friðjóni og fengið þá hjá honum, en eindregið synjað þess að hafa beðið hann að prenta seðlana eða hafa vitað til þess, að hann hefði gert það.

Frásögn Adolphs er á þá leið, að hann hafi hitt Friðjón, sem hann sé aðeins málkunnugur, á götu og þá nefnt það við hann, hvort hann hefði aðstöðu til að útvega sér sykurseðla. Segist hann hafa getið þess, að hann vildi gera manni greiða með því að útvega honum seðla. Friðjón kvaðst mundi athuga málið, en lofaði engu. Eftir það átti Adolph nokkrum sinnum tal við Friðjón um þetta bæði á skrifstofu sinni og í síma. Kveðst Adolph hafa berum orðum vikið að því að hann útvegaði seðlana frá félögum sínum, prenturum í Gutenberg. Einnig segir hann, að komið hafi fram í þeim viðræðum, að maður sá, er seðlana átti að fá, vildi greiða kr. 1.00 fyrir kilóið.

Síðan var það, að Friðjón færði honum á skrifstofu hans seðlana í pakka. Þar var ekki minnst á, hvernig Friðjón hefði komið yfir þá. En Adolph telur sig hafa staðið í þeirri meiningu,

að þetta væru gamlir seðlar, sem átt hefði að eyðileggja. Ekkí man Adolph, hvort rætt var um það, hve seðlarnir væru margir.

Seðla þessa afhenti Adolph síðan Jóni Kjartanssyni. Jón tjáði honum síðar í síma, að seðlarnir væru með tvennu móti. Það kveðst Adolph hafa sagt Friðjóni og spurt um leið, hvort hann hefði fleiri seðla. Kom þá Friðjón með annan seðlabunka til Adolphs, er hann svo afhenti Jóni.

Adolph kveðst hafa greitt Friðjóni 1000 krónur, en getur ekki munað, hvort það var áður eða eftir að hann kom með síðari seðlana.

Jón Kjartansson hefur skýrt frá því, að er Adolph afhenti sér seðlana, hafi hann að fyrra bragði bent á, að seðlarnir væru með öðrum litblæ, en vera átti, því það hefði staðið til að henda þeim, en maður á skömmturnarskrifstofunni, sem hann þó ekki nafngreindi, hefði hirt þá. Eftir á fór Jón að hugsa út í þetta og gerði Adolph orð að finna sig. Adolph tók þá seðlana til sín til að athuga þetta nánar, en sagðist ekki vita annað, en maður sá, er þeir stöfuðu frá, væri áreiðanlegur. Síðan fékk hann Jóni seðla aftur og þá í þrennu lagi; fullyrti hann þá, að þetta væri í lagi, en gat þess ekki, hvort þetta væru sömu seðlarnir og hann tók eða nýir í þeirra stað.

Adolph hefur neitað því, að hafa haft orð á því við Jón, að litblær seðlanna væri misjafn.

7.

Eins og áður er getið, er frásögn Adolphs öll fengin eftir á, og með því að bera upp við hann það, sem á hverjum tíma var upplýst í málinu og krefja hann skýringa. Er hann var spurður um seðla þá, er hjá honum fundust, kvað hann Jón hafa skilið þá eftir hjá sér í umbúðum, og kveðst ekki hafa vitað, hvað í þeim umbúðum var. Hefur hann haldið fast við þá frásögn sína. Jón hefur aftur á móti synjað þess að hafa nokkru sinni skilið seðla eftir í skrifstofu Adolphs. Er Adolph var beðinn skýringa á víxlum þeim, er fyrst komu fram í málinu og samþykktir voru af Jóni, en seldir í banka af Adolph, kvað hann Jón hafa samþykkt þá í greiðaskyni við sig eingöngu. Undir rannsókninni féll hann frá því og viðurkenndi, að þeir væru andvirði sykurseðla, er hann hafði fengið Jóni. Um magn seðlanna, er afhentir voru Jóni, hafa skýrslur Adolphs verið mjög ógreinilegar, bæði um einstök tilfelli og heildarmagnið. Sömuleiðis hefur hann ekki gert sérstaka grein fyrir greiðslum til sín.

Er Adolph var krafinn sagna um það, hvaðan hann hefði fengið seðla þá, er hann útvegaði Jóni, gaf hann fyrst upp Friðjón Bjarnason, en er sýnt var, að allt seðlamagnið gat ekki frá honum stafað, gaf hann upp nöfn þeirra Guðmundar og Lárusar.

Þeir Adolph og Jón eru sammála um það, að Jón hafi upphaflega hafið máls á útvegum sykurs eða sykurseðla. Adolph segist þá hafa verið búinn að heyra, að skömmtunin væri ekki eins ströng og reglugerðin gerði ráð fyrir, og að veittir væru auka-skammtar af skömmtunarvörum. Þetta segir hann, að hafi leitt til þess, að sér hafi dottið í hug, að hægt mundi vera að útvega skömmtunarseðla og því borið það í tal við þá Guðmund og Lárus, sem hann vissi, að unnu við úthlutun skömmtunarseðlanna, og síðar við Friðjón og þá einmitt nefnt við hann, hvort kollegar hans í Gutenberg hefðu möguleika á að ná í nokkuð af seðlum, en hann vissi, að þar voru seðlarnir prentaðir.

Adolph hefur eindregið neitað því að hafa falað Friðjón til að prenta eftir seðlunum, svo sem Friðjón hefur haldið fram. Þrátt fyrir það þykir verða að hafa það fyrir satt. Þykir það styðja frásögn Friðjóns, að Jón Kjartansson hermir upp á Adolph að hafa bent sér að fyrri bragði á, að annarlegur litblær væri á seðlunum. Þess ber og að gæta, að frásögn Friðjóns er öll skilgóð og greinileg og hreinskilin, en Adolph hefur lítt greint frá skiptum þeirra, og sú skýring hans er ekki sennileg, að hann hafi snúið sér til prentara, er starfaði í annarri prentsmiðju, með að útvega sér skömmtunarseðla, er prentaðir voru í Ríkisprentsmiðjunni Gutenberg. Verða heldur ekki fundin nein eðlileg líkindi til þess, að Friðjón færi að taka það upp hjá sjálfum sér, óhvattur af öðrum, enda ekki einu sinni heitið ákveðnum launum fyrir.

Enn fremur þykir verða, að athuguðum öllum málavöxtum, að leggja til grundvallar þá frásögn Guðmundar, að Adolph hafi lagt á ráðin, er hann fór í skápinn og hafði þaðan á brott seðlana, enda þótt Adolph hafi staðfastlega neitað því. Framburður móður Guðmundar um komu Adolphs til hans kvöldið fyrir innbrotið þykir styðja það. Frásögn Guðmundar er öll ýtarleg og hreinskilin. Adolph heldur því aftur á móti einungis fram, að Guðmundur hefði komið með seðlana til sín óumbeðið og, að því er virðist, óvænt.

8.

Friðjón Bjarnason skýrði frá því, að myndamót það, er hann prentaði sykurseðlana eftir, hafi hann fengið hjá Þorvaldi Jóns-syni.

Hann kveðst hafa hitt Þorvald í Ingólfsstræti og spurði hann þar að því, hvort hann gæti látið sig hafa myndamót af sykurseðlum. Þorvaldur ansaði þessu með því að biðja hann að koma með sér upp í prentmyndastofu þá, er hann starfaði við. Hann kveðst hafa sagt Þorvaldi, að sig vantaði nokkra sykurseðla, en fór ekki nánar út í, hvað hann ætlaði að gera við mótið. Á prentmyndastofunni fann Þorvaldur fram myndamót af sykur- og kaffi-

seðlum, sagaði kaffiseðlana af, negldi mótið á klossa og fékk Friðjóni. Hann kveðst hafa lofað Þorvaldi að gera honum einhvern greiða í staðinn og gefa honum 1—2 flöskur af áfengi. Friðjón taldi sig varla vita, hvort hann fékk mótið að gjöf eða að láni, og varla hafa séð Þorvald eftir þetta.

Þorvaldur hefur viðurkennt að hafa fengið Friðjóni myndamótið með þeim hætti, er Friðjón lýsir því. Kveðst hann hafa verið hálffullur, er hann hitti Friðjón. Friðjón orðaði það þá við hann að búa til myndamót af sykurseðlum. Kom honum þá í hug myndamót af skömmunarseðlum, er hann hafði rekizt á á prentmyndastofunni, og tók því Friðjón með sér þangað. Sagði hann Friðjóni, að hann mætti fá mótið, því ekkert væri gert við það, og útbjó það síðan eins og Friðjón skýrir frá.

Þorvaldur kveðst hafa spurt Friðjón, hvað hann ætlaði að gera við myndamótið, en Friðjón hafi ekkert gefið út á það, aðeins sagzt þurfa að nota nokkra miða eða því um líkt. Hann kveðst muna eftir því, að Friðjón hét honum 1 eða 2 áfengisflöskum, en ekki tekið mark á því, og ekkert hafi verið um það rætt, hvort mótið væri fengið honum að láni eða gjöf.

9.

Jón Kjartansson hefur skýrt frá því, að hann hafi keypt nokkra sykurseðla af Lárusi Hanssyni. Kom Lárus með þá til hans og bauð þá fram og setti upp kr. 0.70 fyrir kilóið. Kveðst Jón hafa keypt seðlana og greitt honum kr. 1.00 fyrir kilóið. Telur hann seðlana hafa verið upp á 154 kiló og sig hafa greitt kr. 154 fyrir þá og styðst þar jafnframt við minnisblöð sín.

Lárus hefur viðurkennt að hafa selt Jóni sykurseðla í eitt skipti, og hafi það verið seðlar frá heimili sínu eða upp á 6 manna skammt í eitt skömmunartímabil og kveðst hafa fengið greiddar kr. 5.75 fyrir kilóið, eða tæpar kr. 30.00 samtals. Kveðst hann hafa heyrt á tal Jóns, þar sem hann kvartaði yfir sykurleysi og datt í hug að bjóða honum seðlana. En seðlana kveðst hann hafa getað sparað frá heimili sínu vegna sykursekks, er hann hafði keypt úr skipsstrandi.

Aðrar upplýsingar um þetta atvik hafa ekki komið fram.

10.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson starfaði í þjónustu Reykjavíkurbæjar að úthlutun skömmunarseðla og dró sér þá skömmunarseðla og afhenti Adolph og þá fyrir fégjald. Með því hefur hann gerzt sekur við 128 gr. almennra hegningarlaga. Með því að brjótast inn í læstan skáp og taka þaðan skömmunarseðla hefur hann gerzt sekur við 244 gr. sömu laga. Með afhendingu seðlanna þykir hann hafa stuðlað að því, að þeir væru notaðir með öðr-

um hætti en til var ætlazt, og varðar það við 157. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Refsingu hans ber að ákveða með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga og beita við hann ákvæðum 68. gr. 3. mgr. sömu laga.

Lárus Hansson hefur með áðurgreindu atferli sínu, er hann var starfsmaður við úthlutun skömmtunarseðlanna, gerzt sekur við 139. gr. almennra hegningarlaga. Svo hefur hann og gerzt sekur við 157. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar hans skal höfð hliðsjón af 77. gr. sömu laga.

Friðjón Bjarnason. Brot hans, sem áður er lýst, varðar við 155. gr. almennra hegningarlaga. Þá ber og að beita gegn honum ákvæðum 68. gr. 3. mgr. sömu laga.

Þorvaldur Jónsson. Brot hans þykir varða við 155. gr. 2. mgr. sbr. 22. gr. 2. mgr. almennra hegningarlaga.

Adolph Rosenkranz Bergsson. Með útvegum skömmtunarseðla til Jóns Kjartanssonar hefur hann gerzt sekur við 157. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga. Með þátttöku í brotum Guðmundar R. Guðmundssonar hefur hann gerzt sekur við 128. gr. og 244. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga. Þátttaka hans í broti Lárusar Hanssonar varðar við 139. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga og þátttaka hans í broti Friðjóns Bjarnasonar við 155. gr. sbr. 22. gr. 1. mgr. sömu laga.

Sala hans á sykri til Jóns Kjartanssonar varðar við 1. gr. reglugerðar nr. 130 1943, sbr. 1. gr. og 17. gr. reglugerðar nr. 159 1940, um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, er á þeim tíma gildi og sem kom í stað reglugerðar nr. 164 1939, sem í málshöfundunarskipun dómsmálaráðuneytisins og stefnu greinir.

Refsingu hans ber að tiltaka samkvæmt 77. gr. almennra hegningarlaga, svo og ber að beita ákvæðum 68. gr. 3. mgr. sömu laga.

Refsingar hinna ákærðu þykja hæfilega ákveðnar þannig:

Adolph Rosenkranz Bergsson sæti 18 mánaða fangelsi. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Friðjón Bjarnason sæti 6 mánaða fangelsi. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson sæti 6 mánaða fangelsi. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði *Adolph Rosenkranz* sat undir rannsókn málsins í gæzluvarðhaldi frá 3. apríl til 5. maí s. l., ákærði *Friðjón* frá 3. apríl s. l. til 17. s. m. og ákærði *Guðmundur* frá 16. apríl s. l. til 19. s. m. Samkvæmt 76. gr. hegningarlaganna þykir rétt að ákveða, að gæzluvarðhald þessara ákærðu komi til frádráttar fangelsisrefsingum þeirra.

Lárus Hansson greiði 800 króna sekt til rikissjóðs innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afláni hana ella í varðhaldi í 40 daga.

Þorvaldur Jónsson greiði 500 króna sekt til rikissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en aflánist ella í varðhaldi í 25 daga.

Um málskostnað skal fara þannig:

Adolph Rosenkranz Bergsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Theódórs B. Lindals, er ákveðast kr. 750.00.

Friðjón Bjarnason greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Bjarna Bjarnasonar borgardómarafulltrúa, er ákveðast kr. 400.00.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Sigurðar Ólasonar, er ákveðast kr. 400.00.

Lárus Hansson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Einars B. Guðmundssonar, er ákveðast kr. 400.00.

Þorvaldur Jónsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, hrl. Lárusar Jóhannessonar, er ákveðast kr. 400.00.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Málið hefur verið rekið vitalaust.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Adolph Rosenkranz Bergsson sæti fangelsi í 18 mánuði. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Friðjón Bjarnason sæti fangelsi í 6 mánuði.

Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði Guðmundur Ragnar Guðmundsson sæti 6 mánaða fangelsi. Hann skal sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og til annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Gæzluvarðhald ákærðu Adolps Rósenkranz, Friðjóns og Guðmundar Ragnars komi til frádráttar fangelsishegningum þeirra.

Ákærði Lárus Hansson greiði 800 króna sekt til rikissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en aflánist ella í varðhaldi í 40 daga.

Ákærði Þorvaldur Jónsson greiði 500 króna sekt til rikissjóðs. Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þetta, en aflánist ella í varðhaldi í 25 daga.

Adolph Rosenkranz Bergsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Th. B. Lindals hrl., kr. 750.00.

Friðjón Bjarnason greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Bjarna Bjarnasonar borgardómarafulltrúa, kr. 400.00.

Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Sigurður Ólasonar hrl., kr. 400.00.

Lárus Hansson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Einars B. Guðmundssonar hrl. kr. 400.00.

Þorvaldur Jónsson greiði málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Lárusar Jóhannessonar hrl. kr. 400.00.

Annan kostnað sakarinnar greiði ákærðir in solidum.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 16. júní 1944.

Nr. 66/1944. **Valdstjórnin** (Kristján Guðlaugsson)

gegn

Ólafi Kjartani Ólafssyni

og

Guðmundi Jóhannssyni

(Einar B. Guðmundsson).

Ölvun við akstur bifreiðar og fleiri brot á bifreiðalögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða Ólafs Kjartans Ólafssonar varðar við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 1. málgr. 23. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941. Brot kærða Guðmundar Jóhannssonar varðar við 21. gr. sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 33 frá 1935 og 40. gr. sbr. 38. gr. og 39. gr. bifreiðarlaga nr. 23 frá 1941. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 250.00 til hvors, greiði kærðu in solidum.